

REGLUGERÐ

um holræsi í Reykhólahreppi.

1. gr.

Þegar Reykhólahreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, svo sem unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að gera holræsi eða endurnýja eldra, innan hæfilegs tíma, sem sveitarstjórn ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Reykhólahreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðamörkum húsa. Heimlagfir eru á kostnað húseigenda.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn framkvæmda, er holræsakerfi varðar. Heimilt er hreppsnefnd að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárennsliskerfi sínu, ef krafist verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn hreppsins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd selt reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseigenda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, olíur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað, er húseigendum, sem hús eiga við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald til sveitarsjóðs, sem nemur 0.10% af fasteignamatí húsa eins og það er reiknað á hverjum tíma. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 500.00. Holræsagjaldið getur sveitarstjórn hækkað um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Kröfur, sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldenda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með fasteignamatsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjaldagi holræsagjalda er hinn sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggí við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að óðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 149.

31. mars 1976.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Ákveðið hefir verið að loka miðeyju Grensásvegar við Sogaveg frá 10. apríl n.k. Strætisvögnum verður þó heimilt að aka í vinstri beygju af Grensásvegi inn á Sogaveg.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 31. mars 1976.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 150.

7. apríl 1976.

AUGLÝSING

um bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið að bifreiðastöður skuli bannaðar að norðanverðu á Unnarstíg í Hafnarfirði, frá og með 10. apríl 1976.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 7. apríl 1976.

Einar Ingimundarson.

Nr. 151.

10. mars 1976.

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði: